



HRUNAMANNAHREPPUR

36. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 2. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. FEBRÚAR 2021

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 4. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, forkaupsrétt að Ásabyggð 27. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Umhverfisstofnun: Landvarðahús í Kerlingarfjöllum.**

Oddviti kynnti beiðni Umhverfisstofnunar um lóð undir landvarðahús í Kerlingarfjöllum. Á fundinn mætir í fjárfundi Daníel Freyr Jónsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun og fylgir erindinu eftir og fór yfir önnur málefni sem tengjast fyrirhugaðri innviðauppbýggingu í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn þakkar Daníel fyrir góða yfirferð og samþykkir að fara í viðræður við Umhverfisstofnun um lóð undir landvarðahús í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn er sammála um að landverðir og aðstöðuhús séu staðsett í Kerlingarfjöllum.
- 2. Sameiginlegt sorpútboð Uppsveita: Minnisblað.**

Oddviti kynnti stöðu mála varðandi sameiginlegt útboð sorphirðu fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum og lagt var fram minnisblað frá Berki Brynjarssyni ráðgjafa sveitarfélaganna varðandi verkefnið. Umhverfisnefnd hefur fjallað um málið. Sveitarstjórn samþykkir að fyrirkomulag á flokkun úrgangs verði samræmd og samræmdar áherslur verði um úrgangsmál í Uppsveitum, sem leiði m.a. til þess að taka upp fjögurra tunnu flokkun, en að Hrunamannahreppur muni samt bjóða út sorphirðuna sjálfstætt í samfloti við hin sveitarfélögin.
- 3. Golfklúbbur Flúða: Siðareglur.**

Oddviti kynnti drög að siðareglum sem Golfklúbbur Flúða er að vinna að en stjórn GF óskar eftir því að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í þriggja manna siðanefnd. Sveitarstjórn skipar Halldóru Hjörleifsdóttur í siðanefndina og koma jafnframt á framfæri ábendingum varðandi siðareglurnar.
- 4. Barnvænt sveitarfélag: Skipun í stýrihóp.**

Oddviti kynnti bréf frá UNICEF á Íslandi þar sem tilkynnt er að Hrunamannahreppur sé orðinn þátttakandi í verkefninu barnvænu sveitarfélagi. Stýrihópin skipa fimm manns, þrír af hálfu sveitarstjórnar, einn fulltrúi ungmennaráðs og einn fulltrúi Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Sveitarstjórn skipar þau Kolbrúnu Haraldsdóttur sem formann, Jón G. Valgeirsson og Bjarneyju Vignisdóttur og til vara þau Daða Geir Samúelsson, Halldóru Hjörleifsdóttur og Rúnar Guðjónsson.
- 5. Lánasjóður sveitarfélaga: Lántaka.**

Oddviti kynnti lánasamning við lánasjóð sveitarfélaga vegna lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 50.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, verðbóta auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á gatnagerð sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni Valgeirsyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

6. **Verkefnisstjóri Heilsueflandi samfélags: Minnisblað um mögulegt áframhaldandi samstarf.**

Oddviti kynnti minnisblað frá Bláskógabyggð um sameiginlegan verkefnisstjóra fyrir heilsueflandi samfélag sveitarfélaganna í Uppsveitum og drög að starfslýsingu verkefnisstjóra. Sveitarstjórn samþykkir að taka áfram þátt í verkefninu, starfslýsinguna og að auglýst verði eftir verkefnisstjóra í starfið.

7. **Umhverfis og auðlindaráðuneytið: Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs. Samráðsgátt.**

Oddviti kynnti drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs. Samráðsgátt.

8. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátækisorprensustöðvar.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátækisorprensustöðvar.

9. **Umhverfis og auðlindaráðuneytið: Drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins. Samráðsgátt.**

Oddviti kynnti drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins. Samráðsgátt.

10. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

11. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samráðsgátt.**

Oddviti kynnti drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samráðsgátt.

12. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jarðalög.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um jarðalög.

13. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

14. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (Veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (Veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja).

15. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (Atvinnu og byggðarkvótar o.fl.).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (Atvinnu og byggðarkvótar o.fl.).

16. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. **Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 22. fundar frá 18. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar öldungaráðs frá 18. janúar s.l. Rætt var um fyrirhugaðar breytingar á húsnæði Heimalands, fulltrúa frá félagsþjónustunni, samstarf með Félagi eldri Hrunamanna og hálkuvarnir við sundlaugina. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

18. Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Fundargerð 3. fundar frá 22. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar ungmennaráðs frá 22. janúar s.l. Þar var kynning og umræður um barnvænt samfélag og skipaður aðal- og varamaður í stýrihóp. Fjallað var um heilsuviku næsta sumar, ræddar hugmyndir um staðsetningu styttunnar „Öldu aldanna“ og óskað eftir að körfuboltavöllurinn við Flúðaskóla yrði gerður öruggari. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Umhverfisnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 3. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar umhverfisnefndar frá 3. febrúar s.l. Fjallað var um sameiginlegt útboð á sorphirðu í Uppsveitum, drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs, drög að breytingum á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis og umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorp-brennslustöðvar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

20. Fundargerð 210. fundar skipulagsnefndar frá 27. janúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 210. fundar skipulagsnefndar frá 27. janúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 17. Holt, Unnarholti: Deiliskipulag.

Lagt er fram deiliskipulag frá Guðmundi Traustasyni og Maríu I. Gunnbjörnsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag að Holti L192736 í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining fjögurra byggingarreita, þriggja fyrir íbúðarhús og eins fyrir útihús. Skipulagstillagan var kynnt frá 16.12.2020 til 8.1.2021, engar athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 18. Berghylur: Vatnsgeymir. Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn frá Eflu f.h. Hrunamannahrepps, dags. 14. janúar 2021, er varðar stofnun lóðar úr jörðinni Berghylur L166724. Um er að ræða 1.200 fm lóð undir vatnsgeymi fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki fyrirbyggjandi umsókn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 19. Kluftir: Efnistaka.

Lagt er fram umsókn frá Jóhönnu Fríðu Róbertsdóttur vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi. Í framkvæmdinni felst efnistaka úr landi Klufta í Hrunamannahreppi námu E5. Stærð efnistökusvæðis verður allt að 2.500 fm, ummál 50 x 50 m og 3 m djúpt. Óskað er eftir heimild fyrir efnistöku að 5.000 m³ af mól sem verður notuð til vegagerðar. Málið var afgreitt á 209. fundi skipulagsnefndar. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti að vísa málinu aftur til skipulagsnefndar til skoðunar m.t.t. þess hvort erindið geti fallið undir minniháttar efnistöku eiganda innan jarðar.

Skipulagsnefnd telur að efnistakan sé óveruleg og falli undir heimildir 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga er varðar heimildir eiganda lands fyrir efnistöku til eigin nota.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að efnistakan sé óveruleg og falli undir heimildir 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga er varðar heimildir eiganda lands fyrir efnistöku til eigin nota.

Mál nr. 20. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. janúar s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. janúar.

Önnur mál.

21. Ásabyggð 27: Forkaupsréttur.

Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasölnunni Miklaborg þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 27, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 27, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4133 skv. samþykktu kauptilboði í eignina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 209. fundar frá 15. janúar s.l.**
Oddviti fór yfir fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands en fundargerðinni er m.a. fjallað um tillögu Umhverfisstofnunar að fyrstu vatnaáætlun fyrir Ísland. Sveitarstjórn vísar tillögu að vatnaáætlun til veitustjórnar og umhverfisnefndar en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 26. fundar framkvæmdastjórnar frá 15. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 27. fundar framkvæmdastjórnar frá 5. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 28. fundar framkvæmdastjórnar frá 12. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Tónlistarskóli Árnesinga. Fundargerð 198. fundur stjórnar frá 21. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. SASS: Fundargerð 566. fundar stjórnar frá 15. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 299. fundar stjórnar frá 24. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- h. Borgarstjórinn í Reykjavík: Krafa Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkisins um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn til laga um Hálendisþjóðgarð.**
Lagt fram til kynningar.
- j. UTU: Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar í Götu í landi Efra-Langholts.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 26. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið 16:30.